

Ed.

10. Frumvarp til laga

[10. mál]

um stimpilgjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Þegar skjöl þau, er ræðir um í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd, skal stimpla þau eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur gera stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig, hversu haga skuli sölu á þeim.

Ráðuneytinu er heimilt að láta gera pappír með áletruðu stimpilmerki, og má nota hann í stað merkjanna. Einnig er því heimilt að ákveða, að nota skuli stimpla eða stimpilvélar.

3. gr.

Um ákvörðun stimpilgjaldsins fer eftir þessum almennu reglum:

- a. Þegar stimpilgjaldið er hundraðsgjald af fjárhæð skjals og gjaldið stendur eigi á hálfum eða heilum tug króna, skal færa gjaldið niður í næsta hálfan eða heilan tug. Nái gjaldið eigi fimm krónum, skal það hækkað í þá upphæð.
- b. Í stimpilskyldum skjölum skal ætíð getið þeirrar fjárhæðar, sem stimpilskyldan er bundin við.
- c. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og ævi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi, þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár, og skal þá stimpilgjaldið reiknast af árgjaldinu tuttugu og fimm-földu. Ef árabilið er ákveðið innan við 25 ár, telst stimpilgjaldið af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef árgjald er mismunandi, skal taka meðalgjaldið.

4. gr.

Stimpilskyldan nær til allra skjala, ef þau annars eru stimpilskyld, sem út eru gefin í hinu íslenska ríki, þegar annaðhvort að minnsta kosti einn aðila á þar heimili eða skjalið hljóðar um verðmæti hér í ríkinu, réttindi yfir þeim, eða réttindi eða skyldur fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir, sem eiga heimili hér á landi.

Skjal telst gefið út hér í ríkinu, ef annar eða einhver aðila hefur undirritað það hér.

5. gr.

Þau skjöl, sem hér greinir, eru stimpilskyld, hvar sem þau eru gefin út:

1. Afsöl fyrir fasteignum í ríkinu og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl, er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti í ríkinu, nema sannað sé, að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér.
3. Skuldabréf og önnur verðbréf, sem æfluð eru til að ganga manna á milli, ef þau eru gefin út af félögum eða stofnunum, sem heimili eiga hér á landi.
4. Útlend hlutabréf, skuldabréf og önnur slík skjöl, sem flutt eru hingað, annaðhvort sem eign manna eða félaga, sem eiga hér heimili, eða sem trygging gagnvart þeim.
5. Vixlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér, og ávísanir, ef samþykktar eru.

6. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir réttindum þeim, er það veitir, en eigi nafni þess eða formi.

Eftirrit af sáttum og notarialgerðum, er skapa réttindi eða skyldur, sem eigi hefur áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og réttinda, er um ræðir.

7. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

8. gr.

Þegar skjöl eru gefin út í fleiri en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskyllt, nema öðruvísi sé ákveðið sérstaklega.

9. gr.

Áletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breytingu á veði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þess háttar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu, þótt hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun, en ella skal fyrir áletrunina greiða gjald, er nemur hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

10. gr.

Ef skjal stofnar til réttinda eða skyldna, er meta verður mismunandi hátt, telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

II. KAFLI

Um greiðslu stimpilgjalds, stimplun og endurgreiðslu gjaldsins.

11. gr.

Stimpilgjaldið greiðist með því að líma stimpilmerki á skjalið, eða á annan hátt, samkvæmt ákvörðun fjármálaráðuneytisins, sbr. 2. gr.

12. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hér á landi, skulu stimplast áður en 6 mánuðir séu liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sé fyrr, og þá fyrir eindaga. Ef aðilar hafa eigi undirritað samtímis, telst fresturinn frá því, er hinn fyrsti undirritaði.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla á sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma, er skjal kom hingað til lands, og skal sá, er stimpla lætur, votta á skjalið, hvenær það var. Fjármálaráðuneytið getur lengt frest þennan, ef sérstaklega stendur á.

13. gr.

Allir opinberir starfsmenn, sem fjármálaráðuneytið felur vörzlu stimpilmerkja, eru skyldir til að stimpla, án endurgjalds fyrir stimplunina, þau skjöl, sem þeir gefa út eða á einhvern hátt afgreiða. Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla, án sérstaks gjalds, skjöl þau, er um þeirra hendur fara, önnur en þau, er þeir senda frá sér til þinglýsingar. Nánari reglur í þessu efni getur fjármálaráðuneytið sett. Einstökum mönnum er óheimilt að stimpla skjöl sín. Þó getur stjórnarráðið veitt félögum og stofnunum rétt til þess gegn tryggingu, er það setur um reikningskil og bókfærslu.

14. gr.

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, skulu gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð sé rétt tilgreind, og geta krafizt allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð fjármálaráðuneytisins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn þess, er ákvað gjaldið. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð ráðuneytisins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

15. gr.

Stimpilmerki, sem sett hafa verið á fullgerð skjöl, má eigi taka af þeim aftur, en fjármálaráðuneytið hefur heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því, þegar skjal er ógilt með öllu að lögum, eða eigi verður af því vegna svipaðra ástæðna, að það réttarástand skapist, sem skjalið ráðgerði.

Ef skjal hefur af vangá verið stimplað of hátt, skal endurgreiða það, sem ofborgað er.

Endurgreiðslur þær, sem ræðir um í þessari grein, mega þó því aðeins fram fara, að beiðni um þær hafi borizt fjármálaráðuneytinu áður en 2 ár séu liðin frá útgáfu þess eða þeirra skjala, sem beiðnin á við. Skjölin sjálf skulu jafnan send ráðuneytinu, ásamt beiðninni um endurgreiðslu. Athugasemd um endurgreiðsluna skal jafnan rita á skjalið.

16. gr.

Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki, nema svo sé ástatt, að opinber starfsmaður eigi sök á því, að eigi var stimplað, en þá fyrnist krafan á 4 árum. Enn fremur fellur krafa til stimpilgjalds burt, þegar liðin eru 5 ár frá þeim tíma, er skjalið var með öllu úr gildi, og enginn þeirra starfsmanna, sem getur í 46. gr. þessara laga, hefur orðið áskynja um brotið, áður sá tími sé liðinn, og tekið skjalið til þess að koma fram ábyrgð á hendur hinum seka.

III. KAFLI

Um stimpilgjald einstakra skjala.

17. gr.

Með 2% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum og skipum yfir 5 smál. brúttó, þar með talin afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð, svo og öll önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, maka-skiptabréf, gjafabréf og próventusamninga. Enn fremur erfðafestubréf og aðra lóðarsamninga, er veita rétt til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi, greiðist gjald þetta tvöfalt.

Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa, greiðist hálf gjald.

Ef giftingarvottorð er þinglesið sem heimild fyrir skipi eða fasteign, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema ef endurgjald er áskilið til meðferingja eða annarra, því að þá skal reikna stimpilgjald eftir endurgjaldinu.

Útdrættir úr embættisbókum eða vottorð embættismanna, félaga, stofnana eða einstakra manna, er sýna eigandaskipti að fasteign eða skipi, eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl. Undanþegnir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl, er sýna eignayfirfærslu fasteigna eða skipa, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða söluafsal að ræða.

18. gr.

Stimpilgjaldið fyrir öll heimildarbréf fyrir skipum og fasteignum telst eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í bréfinu, þó aldrei minna en eignin er metin til skatts, sé um fasteign að ræða, og teljast veðskuldir, ítök eða kvaðir, sem kaupandi undirgengst, til kaupverðsins.

Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki hina stimpilskyldu upphæð, ber að áætla hana það háa, að víst sé um það, að söluverð eða leiga hafi ekki hærra verið í raun og veru.

19. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður, er afsalsbréf til sama kaupanda stimpilfrjálst.

20. gr.

Ef heimildarbréf er framselt, ber að stimpla framsalið sem afsal.

21. gr.

Þeim opinberum starfsmönnum, sem þinglestur og skrásetningu hafa á hendi, er skylt að athuga, um leið og afsalsbréf fyrir fasteignum eru afhent til þinglestrar, eða afsöl fyrir skipum sýnd vegna skrásetningar, hvort þau eru stimpluð, og ef svo er eigi, má heimta stimpilgjaldið þá þegar. Hið sama er um önnur stimpilskyld skjöl, er snerta fasteignir og skip, ef þau eru afhent vegna þinglestrar eða skrásetningar.

22. gr.

Heimildarskjöl um veiðiréttindi, skjöl, sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign, stimplast með 2%, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjaldið eftir endurgjaldinu. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum.

23. gr.

Tilkynning um stofnun hlutafélags stimplast með 2,5% af hlutafjárupphæðinni. Nú er hlutafé í hlutafélagi aukið, og greiðist þá sama gjald af hlutafjárukningunni.

Stjórn hlutafélags ber ábyrgð á greiðslu stimpilgjaldsins, er fellur í gjalddaga við skrásetningu félagsins.

Útlend hlutabréf stimplast eftir fjárhæð sinni á sama hátt og tilkynning um hlutafélag.

24. gr.

Tilkynning um hlutafélög með breytilegri félagatölu eða breytilegum höfuðstól stimplast eins og segir í 23. gr., þótt félagsmenn séu persónulega ábyrgir. Hið sama er um hlutafé persónulega óábygrra manna í félagi, þar sem sumir eru persónulega ábyrgir.

25. gr.

Félagssamningar stimplast með 1% af því fé, sem í félagið er lagt, ef persónuleg ábyrgð er fyrir fénu, ella er samningurinn stimpilfrjáls með þeirri undantekningu, sem í 24. gr. segir.

Nú hljóðar félagssamningur eigi um nein fjárframlög, og skal þá stimpla hann með 100 kr.

Nú leggur félagi fram persónulega vinnu, en annar peninga, og skal þá vinnan metin jöfn framlaginu og því lægsta, ef framlög eru fleiri og ójöfn.

Nú leggur félagi fram bæði peninga og vinnu og annar aðeins vinnu, og skal þá stimpla samninginn með 100 kr. auk gjalds af fjárframlaginu eftir fyrirkomulagi félagsskaparins.

26. gr.

Ef fasteign eða skip er afsalað félagi, skal jafnan greiða gjald það, er ræðir um í 17. gr., hvort sem persónuleg ábyrgð er fyrir skuldum félagsins eða eigi og hvort sem afsalið er sérstakt eða í félagssamningi eða öðrum samningi.

27. gr.

Skuldabréf og tryggingarbréf stimplast með 6%, ef skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, en annars með 3%, og telst brot úr þúsundi heilt þúsund, ef bréfið er yfir 1000 kr.

Nú eru gefin út hlutabréf með aðalskuldabréfi, og skal þá aðalskuldabréfið stimplað, en áritun um stimplunina gerð á hlutdeildarbréfin.

Skuldabréf, sem ekki nema meiru en 1000 kr., eru stimpilfrjáls, þegar skuldin ber eigi vexti og engin trygging er sett.

Aðfarargerðir, sem þinglesnar eru, stimplast eftir þessari grein.

Tryggingarbréf fyrir vixli er stimpilfrjálst, ef vixillinn er stimplaður.

28. gr.

Ef veðréttur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlað til að tryggja.

29. gr.

Þegar skuld er endurnýjuð með nýju bréfi, greiðist helmingur gjalds þess, er í 27. gr. segir. Sama gjald skal greiða, ef skuld er færð yfir á annars manns nafn.

30. gr.

Framsöl á skuld stimplast eftir reglunum í 27. gr.

31. gr.

Vixlar og samþykktar ávísanir nema tékkar stimplast með 2%, þó aldrei minna en 10 kr.

Brot úr þúsundi telst heilt þúsund.

Endurnýjaður vixill telst nýr vixill.

32. gr.

Nú hljóðar vixill eða samþykkt ávísun um borgun í erlendri mynt, og reiknast þá stimpilgjaldið eftir bankagangverði þeirrar myntar hér á landi á þeim tíma, er stimplun fer fram.

33. gr.

Ef veð eða ábyrgð er áskilin í vixli, stimplast hann eins og veðtryggt skuldabréf. Framsöl á vixlum og samþykktum ávísunum eru eigi stimpilskyld.

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um vixla, stimplast það sem skuldabréf.

34. gr.

Vátryggingarskirteini stimplast, sem hér segir:

1. Lífsábyrgðarskirteini með 2,5% af lífsábyrgðarfjárhæðinni. Nú er áskilinn lífeyrir, og miðast gjaldið þá við upphæð inngangsgreiðslu, ef um slíka greiðslu er að ræða, annars við tífalda lífeyrisgreiðslu.

2. Brunaábyrgðarskírteini með 0,5% af váttryggingarfjárhæðinni. Jarðskjálfta-, vatnsskaða- og þjófnaðartryggingar, svo og aðrar sams konar aukatryggingar eru stimpilfrjálsar, sé hin váttryggða eign brunatryggð fyrir eigi lægri upphæð en aukatrygging nemur. Að öðrum kosti stimplast slík skírteini eða mismunurinn eins og brunaábyrgðarskírteini.

Kasko-tryggingarskírteini bifreiða og flugvéla stimplast með sama gjaldi og brunaábyrgðarskírteini.

3. Sjóváttryggingarskírteini og ferðatryggingarskírteini með 0,25% af tryggingarfjárhæðinni.

4. Skyldutryggingarskírteini bifreiða (ábyrgðartrygging) með 25 kr.

5. Önnur ábyrgðartryggingarskírteini með allt að 8% af fyrsta ársiðgjaldi, eftir ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

Ef tryggingarskírteini gildir fyrir skemmri tíma en heilt ár, lækkar iðgjaldið í hlutfalli við tölu þeirra mánaða, sem það gildir, og telst hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Gjald það, er ræðir um í þessari grein, greiðist, hvort sem tryggingin fer eftir samningi um ákveðinn eða óákveðinn tíma, án þess að sérstakt skírteini sé gefið út vegna hverrar áhættu fyrir sig. Hið sama er, ef tryggingarsamningur er gerður með bréfaskiptum, innritun í viðskiptabækur eða á annan hátt.

Skírteini þau, er um getur í þessari grein, stimplast um leið og þau eru gefin út eða afhent hinum tryggða eða umboðsmanni hans.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Það hefur og heimild til að gera samninga við váttryggingarfélag um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum, t. d. við áramót, gegn eftirliti eða tryggingum í bókfærslu, er ráðuneytið telur nægja.

Fjármálaráðuneytið hefur enn fremur heimild til að undanþiggja stimpilgjaldi einstakar tegundir trygginga, ef sérstök ástæða þykir til.

35. gr.

Leigusamningar um skip, hús, jarðir og lóðir stimplast með 50 au. af hverju hundraði eða broti úr hundraði, sem leigan nemur.

Ef leiga er ákveðin í öðru en peningum, skal sá, er stimplun annast, meta hana til peningaverðs, sbr. 14. gr.

Ef leigusamningurinn gildir um óákveðinn tíma, telst gjaldið af ársleigunni tuttugu og fimm-faldri. Ef hann skal gilda ævitið leigjanda, telst gjaldið einnig af ársleigunni tuttugu og fimm-faldri, og eins er þótt samningurinn skuli einnig gilda, meðan ekkja hans lifir.

Samningur um leigu á skipi til ákveðinnar ferðar eða ferða telst gilda ákveðinn tíma.

Erfðafestubréf, sem eigi veita heimild til að selja og veðsetja, stimplast samkvæmt þessari grein.

36. gr.

Kaupmálar, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar, stimplast með 100 kr., en kaupmálar, sem gerðir eru síðar, með 1% af þeirri fjárhæð, sem það nemur, er eftir þeim skal vera séreign annars hjónanna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en 100 kr.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

37. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal, þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísað til hins stimplaða og þess getið, hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi

heldur er sannað fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, að skjal það, er stimpilfrelsinu veldur, sé löglega stimplað, ber að stimpla hið síðara skjal eftir innihaldi þess. Auk þess varðar það sektum, eigi undir 50 kr., ef þess er eigi getið í óstimpluðu skjali, hvers vegna það sé stimpilfrjálst.

38. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal ritað, hversu aðalskjalið er stimplað, og varðar sektum, eigi undir 50 kr., ef út af er brugðið, og er eigandi skjalsins og útgefandi sekir, ef um samrit er að ræða, en ef um staðfest eftirrit er að ræða, þá eigandi þess og sá, er staðfesti eftirritið.

39. gr.

Ef stimpilskytt skjal er alls eigi stimplað eða eigi nægilega stimplað fyrir hinn tiltekna tíma, varðar það, ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, sektum, er nema hinu vangreidda stimpilgjaldi, þó eigi undir 50 kr. Auk þess greiðist hið vantandi gjald.

40. gr.

Útgefendur og móttakendur stimpilskyldra skjala bera, hvort sem þeir koma fram í eigin nafni eða sem umboðsmenn annarra, ábyrgð á réttri stimplun. Móttakendur skjala, sem ekki eru löglega stimpluð, geta leyst sig frá sektarábyrgð með því að láta á sinn kostnað stimpla skjalið innan mánaðar frá móttöku þess, eða ef greiðsludagur er fyrr, þá í síðasta lagi þann dag, eða ef greiðsludagur er liðinn, þá þegar eftir móttöku þess. Móttakandi skjals, sem þannig er ástatt um, þarf enn fremur, til þess að losna við sektarábyrgð, að tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi brot það, sem átt hefur sér stað á lögum þessum.

41. gr.

Það varðar sektum eigi undir 500 kr. að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skipta við ákvörðun stimpilgjalds. Sömu refsingu varðar, ef maður neitar ranglega að hafa skjal í vörzlum sínum, til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða sekt.

42. gr.

Sömu refsingu varðar, ef rangt vottorð er ritað á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrita.

43. gr.

Nú er skjal dagsett rangt, eða stimplun þess, og varðar það sömu refsingu og segir í 41. gr., þegar þetta er gert til að leyna broti á stimpillöggjöfinni eða torvelda uppgötvun þess.

44. gr.

Hver, sem stælir eða falsar þau stimpilmerki, sem fjármálaráðuneytið lætur gera, samkvæmt 2. gr., skal sæta refsingu eftir 161. gr. hinna alm. hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940, þó þannig, að fangelsisrefsingu má beita, ef dómara þykir ástæða til.

45. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og ber að innheimta þær, ef á þarf að halda, með lögtaki. Ef þær nást eigi á þann hátt, afplánast þær eins og lög mæla fyrir.

46. gr.

Allir opinberir starfsmenn, þar með taldir skiptaforstjórar, eru, að viðlagðri refsingu fyrir vanrækslu, skyldir til að hafa nákvæmar gætur á því, að lög þessi séu haldin, með því að athuga skjöl þau, sem þeir, starfs síns vegna eða á annan hátt, hafa með höndum eða sjá, og kæra til sekta, ef þeir komast eftir brotum. Eru

þeir skyldir til, eftir því sem við verður komið, að sleppa eigi skjölum þeim, sem brotin eru risin af, í hendur annarra en þeirra, sem málið heyrir undir að lögum.

Ákvæði þessarar greinar gilda jafnt um frumrit skjala, samrit og staðfest eftirrit, eftir því sem við getur átt, svo og enn fremur um óstaðfest eftirrit, þegar þau eru notuð þannig, að ætla má, að notandinn votti samræmi þeirra við frumritið, svo sem þegar eftirrit er lagt fram fyrir rétti eða fylgir umsóknum til stjórnarvalda, enda skal jafnan, er svo er ástatt, vera ritað á eftirritið, hvernig frumritið er stimplað.

47. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmæla þessara laga um áritun á samrit og eftirrit skjala um stimplun frumrits, og sá, er fyrir sök er hafður, getur eigi sýnt frumritið, ber að stimpla samrit og eftirrit eins og það væri frumrit, nema sannað sé eða álíta verði fullvist, að frumritið hafi verið löglega stimplað.

48. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður, hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af þeim skjölum, er hann varða.

49. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber mál.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1953. Jafnframt eru úr gildi numin þessi lagaákvæði: Lög um stimpilgjald, nr. 75/1921. Lög um breytingu á þeim lögum, nr. 35/1933, nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 49/1942, nr. 41/1945.

Lög nr. 10/1928, síðari málsgrein 58. gr.

Lög nr. 62/1928, 2. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 7/1930, 9. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 78/1938, síðasta málsg. 13. gr. og síðasta setning 19. gr.

Lög nr. 115/1941, síðari málsg. 49. gr.

Lög nr. 91/1942, 3. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 34/1943, 16. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 41/1946, 1. málsg. 18. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 66/1947, 15. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 120/1950, 2. málsg. 30. gr.

Svo og önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan fasteignamat frá 1942 gildir og millimöt eru framkvæmd á grundvelli þess mats, skulu eftirfarandi ákvæði gilda um stimplun kaupsamninga og afsalsbréfa og annarra heimildarbréfa:

1. Þegar ekkert söluverð er tilgreint, skal það áætlað af þeim, sem stimplun annast, það hátt, að vist sé, að það hafi ekki hærra verið í raun og veru. Verð fasteignar, þegar svo stendur á, skal aldrei áætla lægra en tífalt fasteignamat hinnar seldu eignar.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að margföldunartala fasteignamatsins skuli breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við verðlagsbreytingar í landinu.

2. Þegar söluverð er sett grunsamlega lágt, skal sá, er stimplun annast, ákveða stimpilskylda fjárhæð skjalsins. Við ákvörðun fjárhæðarinnar skal einkum taka tillit til fasteignamatsverðs eignarinnar, váttryggingarfjárhæðar og söluverðs sambærilegra eigna.

Aldrei skal þó ákveða stimpilskylda fjárhæð skjals lægri en nemi fimmföldu fasteignamatsverði, ef eignin er í kaupstað, en þreföldu annars staðar á landinu. Þessu lágmarksákvæði má þó því aðeins beita, að vitað sé um verðfall á eigninni sökum ástands hennar eða staðháttá.

Ákvörðun sína skal hlutaðeigandi embættismaður rita á skjalið og staðfesta með undirsskrift sinni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, sem fjárhagsnefnd Ed. flutti á síðasta þingi að beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er fjármálaráðherra skipaði til þess að endurskoða lög um stimpilgjald. Í nefndinni áttu sæti Jón Steingrímsson, sýslumaður, formaður, Júlíus Havsteen, bæjarfógeti, og Þorlákur Jónsson, stjórnarráðsfulltrúi.

Ástæðan til nefndarskipunar þessarar var sú, að gagngerð endurskoðun hefur ekki farið fram á lögunum um stimpilgjald síðan þau voru sett árið 1921. Hafði ráðuneytinu borizt áskorun frá Félagi héraðsdómara um að láta endurskoða lögin, auk þess sem það var álit endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins, að full þörf væri á slíkri endurskoðun. Hins vegar er frumvarp þetta ekki flutt í tekjuöflunarskyni, því eins og sjá má síðar í greinargerðinni, eru gerðar tilfærslur ýmist til hækkunar eða lækkunar frá gildandi ákvæðum, og er þar nánast um að ræða lagfæringar og samræmingar á einstökum gjaldaliðum.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi greinargerðar frá nefndinni, sem frumvarpið samdi, en hún er á þessa leið:

Lög nr. 75 frá 1921 eru lögð til grundvallar frumvarpi nefndarinnar. Kaflaskipting er lätin haldast, en ýmsum greinum breytt, en aðrar niður felldar.

Við ákvörðun stimpilgjaldsins hefur nefndin leitat við að raska sem minnst samræmi gjaldanna og hvergi hækkað eða lækkað þau til stórra muna, þegar tillit er tekið til þeirra hækkana, er Alþingi hefur samþykkt. Hins vegar hefur nefndin breytt ýmsum ákvæðum og felld inn í ný til þess að tryggja og auðvelda innheimtu gjaldanna. Meginbreytingin, að því er gjöldin snertir, er sú, að felld eru niður ákvæði 41. gr. stimpillaganna frá 1921. Gjöld þau, sem þar um ræðir, eru yfirleitt fremur smávægileg. Þau eru í flestum tilfellum greidd samhliða aukatekjugjöldum til ríkissjóðs. Telur nefndin því heppilegt að sameina gjöldin í eitt gjald í væntanlegum aukatekjulögum.

Um einstaka kafla frumvarpsins vill nefndin taka þetta fram:

I. kafli.

Við 2. gr. — Tekin er upp heimild laga nr. 91 frá 1938, um notkun stimpilvéla í stað stimpilmerkja. Enn fremur heimilað að nota stimpla.

Við 3. gr. — Í a-lið er lágmark stimpilgjalds ákveðið 5 kr. Enn fremur að gjaldið skuli lækkað í næsta hálfan eða heilan tug króna. Af þessu leiðir, að gerðum stimpilmerkja fækkar mjög til stórra þæginda fyrir þá, sem stimplun annast, og sparnaðar fyrir ríkissjóð.

Í b-lið er orðið „ætið“ sett í stað „jafnan“. Telur nefndin með því fengið vafalaust ákvæði um skyldu til að greina fjárhæð í stimpilskyldu skjali.

Næstsíðasta málsgrein, um tífalt árgjald miðað við ævitið eins manns eða fleiri, leggur nefndin til, að felld sé niður.

II. kafli.

Við 12. gr. — Nefndin telur, að frestur sá til stimplunar, sem veittur er í gildandi stimpillögum — tveir mánuðir — hafi reynzt of stuttur, sérstaklega í dreif-

býlinu. Leggur hún því til, að fresturinn sé ákveðinn sex mánuðir. Ætlast hún þá til, að niður séu fallnar ástæður fyrir því að falla frá stimpilsektum.

Við 15. gr. — Nefndin telur, að þessum aðilum beri að fela stimplun skjala:

1. Opinberum starfsmönnum, sem fjármálaráðuneytið felur vörzlu stimpilmerkja, þ. e. sýslumönnum og bæjarfógetum og hliðstæðum embættismönnum.
2. Bönkum og sparisjóðum. Takmarkist heimild þeirra og skylda við þau skjöl, sem þeir afgreiða, að undanskildum þinglestrarskjölum.
3. Félögum og stofnunum, er hafa með höndum rekstur, er gerir það eðlilegt, að þeim sé falin stimplun skjala sérstakra tegunda, svo sem tryggingarfélögum.

Fellt sé niður ákvæðið um 25 auro þóknun til lögreglustjóra og hreppstjóra fyrir stimplun skjala fyrir almenning. Enn fremur heimild til að fela einstökum mönnum stimplun skjala.

III. kafli.

Við 17. gr. — Nefndin leggur til, að stimpilgjald af afsali sé ákveðið 2% í stað 2.4%.

Lítur hún svo á, að hækkanir þær, sem á undanförunum árum hafa verið gerðar á þessum gjöldum, séu orðnar óhóflegar, þegar tekið er tillit til þess, að gjaldstofninn (kaupverð eignanna) hefur hækkað fyllilega í samræmi við vaxandi dýrtíð.

Skip eru tekin undir ákvæðið um tvöfalt stimpilgjald af afsali til hlutafélaga. Felld eru við greinina ákvæði laga nr. 35 frá 1933, um stimpilfrelsi lóðseðla.

Við 18. gr. — Greinin er tekin orðrétt úr stimpillögum frá 1921. En vegna ósamræmis þess, sem er milli gangverðs fasteigna og fasteignamatsins frá 1942, hefur nefndin talið nauðsynlegt að setja bráðabirgðaákvæði, er gilda skal um stundarsakir í stað ákvæðis greinarinnar um lágmarksgjaldstofn.

Við þessa grein er felld ákvæði laga nr. 49 frá 1942, um skyldu embættismanns að gæta hagsmuna ríkisins, er hann áætlar stimpilgjald.

22. gr. stimpillaganna frá 1921 leggur nefndin til, að falli niður.

Við 22. gr. — Lagt er til, að gjaldið verði 2% sem af afsali.

Við 23. gr. — Lagt er til, að tilkynning um stofnun hlutafélags sé stimpluð í stað hlutabréfanna.

Bendir nefndin á, að með þessu verður gjaldið innheimt þegar við skrásetningu hlutafélags, í stað þess að áður munu greiðslur hafa dregið eða jafnvel fallið niður.

Stjórn hlutafélags ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Lagt er til, að gjaldið verði 2.5% í stað 2.4%.

25. gr. stimpillaganna frá 1921 falli niður.

Við 25. gr. — 27. og 29. gr. stimpillaganna um félagssamninga eru felldar saman í þessa grein.

Lagt er til, að gjald sé ákveðið 1% í stað 1.2%, og 100 kr. í stað 24 kr.

30. grein stimpillaganna frá 1921 falli niður.

Við 27. gr. — Lagt er til, að gjald af skuldabréfum sé ákveðið 6‰ í stað 7.2‰, en 3‰ í stað 2.4‰, ef skuldin ber eigi vexti né er tryggð með veði. Síðar talin skuldabréf verði gjaldfrjáls, ef þau nema eigi meiru en 1000 kr. í stað 200 kr. áður.

Við 31. gr. — Lagt er til, að gjald af vixlum verði 2‰ í stað 2.4‰.

Við 34. gr. — Lagt er til:

1. Að lífsábyrgðarskirteini stimplist með 2.5‰ í stað 2.4‰.
2. Að brunaábyrgðarskirteini stimplist með 0.5‰ í stað 0.6‰. Ýmsar aukatryggingar er gert ráð fyrir, að fylgi brunatryggingum og séu því aðeins stimpilskyldar, að eigi sé samhliða um brunatryggingu að ræða, eða aukatrygging sé hærri en aðaltrygging.

3. Að sjónváttryggingarskirteini stimplist með 0.25% í stað 24%. Ferðatryggingarskirteini stimplist á sama hátt.
4. Að skyldutryggingarskirteini bifreiða stimplist með föstu gjaldi, 25 kr.
Við 35. gr. — Lagt er til, að gjaldið sé ákveðið 50 aurar af hverju hundraði leigunnar í stað 60 auru.
Hins vegar skal, ef leigutími er ótiltekinn, reikna gjaldið af ársleigunni tuttugu-og-fimm-faldri í stað 10-faldri. Er það og í samræmi við ákvæði 3. gr.
Við 36. gr. — Lagt er til, að kaupmálar fyrir hjúskap stimplist með 100 kr. í stað 14 kr., en eftir hjúskap með 1% í stað 1.2%. Lægsta gjald 100 kr.
41. gr. stimpillaganna frá 1921 falli niður. Visast til þess, sem áður er sagt um ástæður.

IV. kafli.

Við 39. gr. — Lagt er til, að sekt nemi einföldu í stað fimmföldu stimpilgjaldi, þó eigi minnu en 50 kr.

52. gr. stimpillaganna frá 1921 falli niður.

Við 48. gr. — Lagt er til, að fyrri málsgr. falli niður.

Nefndin getur ekki fallið á, að ástæða sé til að veita bönkum eða öðrum lánsstofnunum undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds samkvæmt lögum þessum.

Við bráðabirgðaákvæðið. — Í athugasemd við 18. gr. hefur nefndin gert grein fyrir ástæðum til þess, að hún leggur til, að bráðabirgðaákvæðið verði sett.

Síðan 14. gr. stimpillaganna var breytt, með lögum nr. 49/1942 (sbr. lög nr. 41/1945), hafa afsöl, þar sem eigi er tilgreint söluverð, verið stimpluð þannig, að lagt hefur verið til grundvallar fimmfalt fasteignamat fasteignar þeirrar, er afsalað hefur verið, en eigi gerð tilraun til að fara eftir ákvæðinu um, að áætla beri hina stimpilskyldu upphæð það háa, að víst sé, að söluverðið hafi eigi verið hærra.

Af þessu hefur leitt, þar sem fimmfalt fasteignamat er jafnaðarlega miklu lægra en söluverð, að þeir, er vanrækt hafa að tilgreina söluverðið, hafa greitt lægra gjald en þeir, sem samkvæmt fyrirmælum laganna hafa tilgreint rétt söluverð.

Nefndin lítur svo á, að ef eigi er horfið frá því að leggja söluverð eignar til grundvallar fyrir stimpilgjaldi, verði að ákveða lágmark þeirrar fjárhæðar, er stimpilgjaldið miðast við, þegar eigi fæst tilgreint söluverð, það hátt, að víst sé, að það sé jafnaðarlega hærra en söluverðið, því annars verður það aðalreglan, að söluverðið sé eigi tilgreint.

Þá telur nefndin sjálfsagt, að þegar söluverð fasteignar er tilgreint grunsamlega lágt, sé þeim, er stimplun annast, gefin heimild til að ákveða stimpilskylda fjárhæð þess hærri en tilgreind er í skjalinu, en að sjálfsögðu verður þá sá, er greiða á gjaldið, að hafa heimild til að áfrýja þeirri ákvörðun til stjórnvalds eða leggja málið undir úrskurð dómstóla.

Um framkvæmd ákvæðisins vill nefndin taka fram:

1. Með tilliti til þess, að í lögnum eru engin sektarákvæði við brotum gegn b-lið 3. gr., þar hverjum þeim embættismanni, er tekur við afsali til stimplunar og verð er eigi tilgreint, að ákveða stimpilskylda fjárhæð þess það háa, að víst sé, að eigandi skjalsins hafi eigi hag af undanbrögðum sínum, og þó aldrei lægri en tífalt fasteignamat.

Má að vísu ætla, að tífalt fasteignamat sé í mörgum tilfellum hærra en söluverð, en slíkt á eigi að koma að sök, því að gjaldandi getur ætíð leyst sig undan of hárrí greiðslu með því að tilgreina rétt söluverð.

2. Þegar embættismaður tekur við afsali til stimplunar, og hann telur, að söluverð sé tilgreint grunsamlega lágt, skal hann athuga fasteignamat hinnar seldu eignar, brunabótamat, og söluverð sambærilegra eigna, og ákveða síðan stimpilskylda fjárhæð skjalsins með tilliti til alls þessa.

Ákvæðið um fimmfalt og þrefalt fasteignamatsverð er aðeins hugsað sem lágmarksákvæði.

Nefndin leggur áherzlu á, að ákvörðun embættismanns um stimpilskylda fjárhæð afsals sé rituð á skjalið sem úrskurður.

Þegar um afsal fyrir skipi er að ræða, eiga að vísu ekki við reglur ákvæðisins um fasteignamat, en nefndinni virðist, að þá sé rétt að hafa hliðsjón af tryggingarfjárhæð skipsins og söluverði sambærilegra skipa við ákvörðun stimpilskyldrar fjárhæðar.

Reykjavík, 30. sept. 1952.

Jón Steingrímsson.

Júl. Havsteen.

Þorlákur Jónsson.